

hendur þrotabúi Þingvalla h/f skal ekki tekin til greina við úthlutun úr búinu.

Sækjandi, Árni Guðjónsson vegna Afgreiðslu smjöríkisgerðanna h/f, greiði Jóni Hjaltasyni héraðsdómsslögmanni vegna tilgreindra kröfuhafa og Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómsslögmanni vegna áðurgreindra kröfuhafa hvorum um sig kr. 300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa.

Úrskurðinum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Föstudaginn 10. nóvember 1961.

Nr. 184/1960. **Hrafn Jónsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)  
 gegn  
**Guðmundi Óskari Guðmundssyni**  
 (Haukur Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaraþeir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,  
 Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr  
 prófessor.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1960 og krafizt sýknu og málskostnaðar af stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn í máli þessu hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eigi er í ljós leitt, að sprengjuhylki þau, sem í málinu greinir, hafi borizt inn á verkstæði áfrýjanda með vitund eða vilja áfrýjanda eða manna, er hann bar ábyrgð á. Eins og sprengjuhylkjum þessum var háttað, verður greindum aðiljum eigi metið til vangæzlu, að þeir veittu hylkjunum ekki eftirtekt og fjarlægðu þau. Að svo vöxnu máli, og þar

sem réttarreglur annars leiða eigi til ábyrgðar áfrýjanda á tjóni stefnda, ber að dæma honum sýknu af kröfum stefnda í máli þessu.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, Hrafn Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðmundar Óskars Guðmundssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. september 1960.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., hefur Guðmundur Óskar Guðmundsson verkamaður, E-götu 6, Blesugróf, hér í borg, höfðað á bæjarþinginu með utanréttarstefnu, dags. 4. marz 1958, gegn Hrafn Jónssyni forstjóra, Brautarholti 22, hér í borg, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 191.449.92, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómars.

Tildrög málsins eru þau, að þriðjudaginn 17. apríl 1951 að morgni varð stefnandi fyrir því slysi á bifreiðaverkstæði stefnda hér í borginni, er hann var að skerpa koparhólk á smergelskífu, að hólkurinn sprakk í höndum hans, svo að tók framan af þremur fingrum hægri handar. Samkvæmt lýsingu rannsóknarlögregluþjóns þess, sem hafði á hendi rannsókn slyssins, var koparhólkur þessi eða sívalningur, sem reyndist vera dynamitsprengja, 6 cm langur og 6 mm í þvermál. Innihald hólksins var 4 cm af sprengiefni. Slíkir hólkur eru einungis lokaðir í annan endann.

Slys þetta var samdægurs tilkynnt rannsóknarlögreglunni, sem þegar hófst handa um rannsókn á tildrögum þess. Við þá rannsókn voru yfirheyrðir stefnandi og tveir af starfsmönnum verkstæðisins. Haustið 1959, um 7½ ári eftir slysið, fór fram á bæjarþingi Reykjavíkur frekari rannsókn á tildrögum þess. Komu þá fyrir dóm aðiljar málsins og þrjú vitni. Verður hér á eftir rakið hið helzta úr skýrslum aðiljanna og framburðum vitna.

Stefnandi skýrir svo frá hjá rannsóknarlögreglunni, að kl. að ganga 9 umgetinn morgun hafi hann verið staddur á bifreiðaverkstæði stefnda. Hafi hann þar verið að hjálpa Agli nokkrum Jónssyni við að „gata pakkningar“. Við þetta verk hafi Egill notað

koparhólk, er stefnandi kveðst hafa tekið af vinnuborði í suður-enda verkstæðisins. Slíkan hólk hafi verið búinn að nota daginn áður við sams konar verk, án þess að slys hlytist af. Áður en slysið varð, hafi Egill verið búinn að nota einn slíkan hólk, en endi hans hafi „hnoðazt upp“, eins og stefnandi kemst að orði, og því hafi hann ætlað að ná í þjöl til að skerpa endann á hólkn-um. Það virðist þó ekki hafa dugað til lagfæringar á hólkn-um, því að stefnandi brá honum á smergelskífuna. Kveður hann hólkninn hafa sprungið, um leið og hann byrjaði að skerpa hann á skífunni, eftir að hafa sett hana í gang. Stefnandi kveðst ekki hafa haft hugmynd um, hvað það var, sem hann hafði í hönd-um, og hann kveðst ekki vita, hvaðan þessi skaðvæni hlutur kom á verkstæðið. Hann hafi þó heyrt einhvern segja, að hann héldi, að hlutur þessi hefði verið búinn að vera á verkstæðinu í 4 ár í tilgreindum verkfæraskáp. Þenna skáp hafi einn af starfs-mönnum verkstæðisins haft til umráða, en sá hafi haldið, að hlutur þessi hafi verið í skápnum, er hann byrjaði að vinna á verkstæðinu. Þessi starfsmaður verkstæðisins hafi heldur ekki vitað skil á þessum hlut, en sá hafi áður verið búinn að saga slíkan hlut í sundur til þess að nota hann sem fóðringu í þurrk-ara. Fyrir dómi hinn 23. september 1959 staðfestir stefnandi þessa skýrslu sína. Skýrir hann þá svo frá, að höggpípa hafi engin verið til á verkstæðinu, en sprengihólkurinn hafi verið mjög hentugur til þeirra nota, sem höggpípur annars eru ætlaðar til.

*Vitnið Þórður Pétursson*, verkstjóri á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, skýrir svo frá hjá rannsóknarlögreglunni samdægurs og slysið varð, að það hafi verið að koma utan úr bæ, er það mætti stefnanda á leið út úr verkstæðinu alblóðugum. Ók vitnið þegar með stefnanda í Landspítalann. Kveður það stefnanda þá hafa tjáð sér, að hann hafi verið að skerpa lítið koparrör á smergelinu, þegar slysið skeði. Að öðru leyti hafi stefnandi ekki vitað, hvað þarna gerðist. Vitnið kvaðst hafa innt starfsmenn verkstæðisins eftir því, er það kom til baka, með hverjum hætti slysið varð, en þeir hafi ekki vitað það. Vitninu datt þá í hug, að sprengiefni hefði hlotið að vera í rörinu, en ekkert slíkt hafi það fundið við smergelið. Vitnið kveðst nú hafa spurt starfsmann, sem þarna var að höggva gat á „pakkn-ingu“, hvað stefnandi hafi verið með í höndum. Hafi starfs- maður þessi þá sýnt því smákoparhólk, sem hann notaði við verk sitt. Hafi hann tjáð því, að endinn á öðrum slíkum hólk, sem hann hafði notað, hefði „hnoðazt upp“, og stefnandi þá

farið með hólkinn til þess að skerpa hann á smergelinu. Vitnið kveðst þá hafa innt starfsmann þenna eftir því, hvar hann hefði fengið hólka þessa, og hafi hann þá sýnt því í skáp, þar sem hann hefði tekið þá. Nokkrir slíkir hólkar hafi verið í skápnunum, og er hann fór að athuga þá, hafi það séð, að eitthvað var í þeim, sennilega sprengiefni. Vitnið tekur fram, að skápur þessi hafi verið ólæstur og í honum geymd verkfæri. Vitnið kveðst ekki hafa vitað um tilvist sprengihylkjanna á verkstæðinu. Hinn 23. september 1959 staðfesti vitnið þenna framburð sinn fyrir dómi. Skýrði það þá svo frá, að það teldi, að höggpípur hefðu verið til á bifreiðaverkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð. Um það gæti það þó ekki fullyrt.

*Vitnið Egill Jónsson*, starfsmaður á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, skýrir svo frá, yfirheyrður af rannsóknarlögreglunni daginn eftir slysið, að um morguninn, áður en slysið varð, hafi það verið að „gata pakkningar“. Það hafi þurft á pípu að halda til þess verks, og því hafi það spurt stefnanda, er verið hafi að vinna með vitninu, hvort hann gæti ekki lánað því pípu í þessu skyni. Hafi stefnandi þá komið með hinn skaðvæna hlut, er slysinu olli. Kveðst vitnið ekkert hafa athugað hlut þenna, en gatað með honum tvær „pakkningar“. Hafi þá hinn lokaði endi hans allur verið sleginn niður, en opni endinn aftur á móti „hnoðaður upp“. Þegar svo var komið, hafi stefnandi tekið hlut þenna og ætlað að lagfæra hann, að því er vitninu skildist. Vitnið kveðst síðan hafa heyrt litla stund í smergelinu, en brátt hafi kveðið við sprenging. Vitnið kveðst ekki hafa notað sprengihylkin áður, en tveimur dögum áður en slysið varð, hafi starfsmaður einn á verkstæðinu ætlað að nota slíkt hylki, en eigi orðið af því, þar eð það reyndist of lítið. Vitnið kveðst halda, að 6—7 slíkir sprengihylki hafi verið í einum verkfæraskápnunum á verkstæðinu. Starfsmaður sá á verkstæðinu, sem hafði skáp þenna til umráða, hafi sagt, að hlutir þessir hefðu verið í skápnunum, er hann fór að hafa not hans, um ári áður en slysið varð. Þessi starfsmaður hafi ekki vitað, hvers konar hluti hér var um að tefla. Vitnið tekur fram, að skápur þessi hafi aldrei verið læstur.

*Vitnið Halldór Magnús Ásmundsson*, starfsmaður á verkstæði stefnda á þeim tíma, er slysið varð, kveðst ekki hafa verið nærstaddur, er stefnandi varð fyrir slysinu. Það kveðst hafa séð hólk, sams konar og hér er fjallað um, eftir að stefnandi hafði orðið fyrir slysinu, og hafi því verið tjáð, að slíkir hólkar hefðu verið í skáp einum þar á verkstæðinu. Vitnið kveðst yfirleitt hafa tekið

saman verkfæri á verkstæðinu að loknum vinnudegi, en aldrei fyrr séð slíka hólka þar. Vitnið kveður höggpípur hafa verið til á verkstæðinu, en kveðst ekki vita, hvort þær hafi verið til af þeirri stærð, sem umræddir hólkar voru.

*Vitnið Leifur Eiríksson*, starfsmaður á verkstæði stefnda á umræddum tíma, kveðst aldrei hafa séð þar hólka, sams konar og hér ræðir um, fyrr en slíkir hólkar komu í leitirnar eftir slysið.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum slyssins, þar sem stefndi hafi látið það viðgangast, að hættulegt sprengiefni var geymt á vinnustað í ólæstum verkfæraskáp, er verkstæðið átti, innan um verkfæri, sem einnig voru í eigu verkstæðisins og ætluð starfsmönnum þess til afnota við vinnu sína á verkstæðinu. Umbúðir um þetta sprengiefni hafi verið þannig, að auðveldlega varð villzt á þeim og smáhandverkfærum, hinum svonefndu höggpípum, er mjög séu notaðar á bifreiðaverkstæðum við að „gata pakkningar“. Slysið hafi og orðið með þeim hætti, að gripið var til þessara koparhólka í þessu skyni. Skírskotar stefnandi máli sínu til stunings til laga nr. 69 frá 1936 um sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau svo og til 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

Stefndi reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður hans, er slysið varð. Hann hafi að vísu áður starfað á bifreiðaverkstæði hans, en hætt þar vinnu að fullu 4. apríl, eða tæpum hálfum mánuði áður en hann varð fyrir slysinu. Hann hafi verið staddur á verkstæðinu í algeru óleyfi umræddan morgun og algerlega á sínum eigin vegum. Honum hafi því verið með öllu óheimilt að nota og handleika áhöld verkstæðisins. Þegar af þessari ástæðu hljóti slys það, er hann varð fyrir á verkstæðinu í umrætt sinn, að vera að öllu leyti á hans eigin ábyrgð. Til stuðnings þessari málsástæðu sinni hefur stefndi lagt fram staðfest afrit af launamiða frá sér til skattstofunnar með upplýsingum um vinnu stefnanda á verkstæði hans á árinu 1951. Greinir á miða þessum, að stefnandi hafi unnið á verkstæðinu frá 1. janúar til 5. apríl 1951. Kemur þetta heim við skattaframtal stefnanda fyrir þetta ár.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að hann hafi ekki verið starfsmaður á bifreiðaverkstæði stefnda, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hefur stefnandi þessu til stuðnings lagt fram í málinu tilkynningu um slysið frá stefnda til Tryggingastofnunar ríkisins. Er tilkynning þessi skráð á eyðublað, sem Tryggingastofn-

un ríkisins lætur atvinnuveitendum í té og þeim ber að senda henni útfyllt, ef starfsmaður verður fyrir slysi við vinnu sína. Er umrædd slysatilkynning dagsett 22. maí 1951 og undirrituð af stefnda sjálfum. Þá bendir stefnandi og á það í þessu sambandi, að honum hafi aldrei verið sagt upp starfi hjá stefnda og hann hafi heldur ekki sjálfur sagt upp starfi sínu. Hann hafi og áfram búið í húsnæði stefnda í sama húsnæði og bifreiðaverkstæðið var, en húsnæði þetta hafi verið ætlað starfsmönnum á bifreiðaverkstæðinu.

Í skýrslum aðiljanna og framburðum vitna er vikið að þessu ágreiningsatriði málsins. Verður nú rakið hið helzta, sem þar kemur fram að þessu lútandi.

Stefnandi tekur svo til orða í upphafi skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglunni, að slysið hafi orðið, er hann var staddur á verkstæði stefnda. Fyrir dómi tæpu 7½ ári seinna, er hann var frekar inntur eftir þessu, fullyrðir hann, að hann hafi enn verið starfandi á verkstæðinu, er slysið varð. Skýrir hann þá svo frá, að hann hafi verið þar aðstoðarmaður og mætt til vinnu sinnar að morgni slysdagsins. Verkstjórinn hafi þá ekki verið við og hafi hann horfið að því að aðstoða Egil Jónsson við það verkefni, er hann hafði á hendi. Kveður stefnandi það hafa verið venju sína á verkstæðinu, er verkstjórinn var ekki við til að segja honum fyrir verkum, að ljá þeim aðstoð sína, sem á hjálp þurfti að halda.

Stefndi hefur komið fyrir dóm í málinu og tjáð sig um sakarfenið. Hnígur skýrsla hans svo til eingöngu að því ágreiningsatriði, hvort stefnandi var starfsmaður verkstæðisins eða ekki, er hann varð fyrir slysinu. Skýrir stefndi svo frá, að hann hafi verið farinn burt úr borginni, þegar umrætt slys varð, og verið fjarverandi af verkstæðinu allan aprílmánuð. Er hann fór, hafi stefnandi unnið á verkstæðinu, en hann hafi starfað þar sem lausamaður. Nokkru eftir að hann kom aftur til vinnu á verkstæðinu, hafi mágur stefnanda komið til hans með eyðublað undir slysatilkynningu, og minni sig, að eyðublaðið hafi verið útfyllt og hann einungis skrifað nafn sitt undir slysatilkynninguna. Kveðst stefndi þá ekki hafa vitað annað en stefnandi hefði verið starfsmaður á verkstæðinu, er hann varð fyrir slysinu. Síðar hafi hann svo komizt að því, að stefnandi myndi þá hafa verið hættur þar störfum. Stefndi kveðst aldrei hafa séð umrædd sprengihylki, hvorki fyrir né eftir slysið.

Vitnið Þórður Pétursson kemst á þessa leið að orði í upphafi skýrslu sinnar til rannsóknarlögreglunnar, sem áður er rakin að

meginefni: „... Í dag, kl. ca. 1030, var ég að koma á bílnum að verkstæðinu og mætti þá í dyrunum Guðmundi Óskari Guðmunds-syni, sem vinnur þarna...“ Frekar kemur vitnið ekki að þessu ágreiningsatriði í þeirri skýrslu sinni, en fyrir dómi tæpu 7½ ári seinna lýsir vitnið því yfir, að rangt sé eftir því haft í skýrslunni um þetta atriði, og fullyrðir þá jafnframt, að stefnandi hafi verið hættur að starfa á verkstæðinu, er slysið varð.

Vitnið Egill Jónsson var ekki kvatt fyrir dóm í málinu og hefur ekki tjáð sig frekar um þetta atriði en fram kemur í skýrslu þess hjá rannsóknarlögreglunni, sem þegar hefur verið rakin hér að framan.

Vitnið Halldór Magnús Ásmundsson kveður stefnanda hafa verið hættan störfum á verkstæði stefnda, er hann varð fyrir slysinu. Hafi þá verið vika eða hálfur mánuður, frá því hann hætti. Ekki kveðst vitnið vita ástæðuna fyrir því, að stefnandi hætti á verkstæðinu. Engir aðrir af starfsmönnum þess hafi hætt um þetta leyti. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi unnið í þágu verkstæðisins, eftir að hann hætti þar. Hafi hann og yfirleitt ekki verið í vinnufötum, er hann kom þar eftir þann tíma. Ekki man vitnið, hvernig stefnandi var klæddur að morgni slysdagsins.

Vitnið Leifur Eiríksson fullyrðir, að stefnandi hafi verið hættur vinnu hjá stefnda á umræddum tíma. Hann hafi þó oft komið á verkstæðið, eftir að hann hætti, og verið að sníglast þar, eins og vitnið kemst að orði, en ekkert starfað fyrir verkstæðið eftir það.

Þau gögn málsins, sem styðja þá málsástæðu stefnda, sem hér er fyrst til álita, vætti þriggja vitna ásamt skattframtali stefnanda fyrir árið 1951 og launaskýrsla stefnda til skattstofunnar, varðandi starf stefnanda í hans þágu á því ári, þykja svo þungvæg við mat á þessu ágreiningsatriði aðiljanna, að telja verður næg rök að því leidd, að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda, þegar umrætt slys varð, enda þótt nokkur gögn bendi til hins gagnstæða. Þegar þess á hinn bóginn er gætt, í hve nánum tengslum stefnandi þá enn var við þenna fyrri starfsvettvang sinn, að honum hafði hvorki verið sagt upp starfi né heldur sjálfur sagt lausu starfi sínu, bjó enn í íbúð, sem ómótmælt er, að honum var lögð til sem starfsmanni á verkstæðinu, og virðist mikið hafa dvalið á verkstæðinu eftir þetta, átölulaust af forráðamönnum þess, og sýslað þar við störf í þágu stefnda, m. a. morguninn, sem slysið varð, þá þykir staða hans til að koma fram bótaábyrgð á hendur

stefnda vegna meiðsla sinna af völdum slyssins ekki eiga að vera lakari en hefði hann verið fullgildur starfsmaður í hans þjónustu. Með skírskotun til þessa verður ekki fallt á þá málsástæðu stefnda, sem hér er til álita. Og vikur þá að öðrum málsástæðum hans.

Í öðru lagi reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að sprengihylkin hafi ekki verið flutt inn á verkstæðið með vitund hans og vilja, þvert á móti hafi honum verið alls ókunnugt um tilvist þessara hættulegu hluta á verkstæðinu. Það sé því fjarri sanni, að hann hafi látið þetta viðgangast. Í þessu sambandi getur stefndi þess í greinargerð sinni, að hvorki hafi það komið fram við rannsókn á slysinu né endranær, hver komið hafi með hina skaðvænu hluti inn á verkstæðið. Hreyfir hann því jafnframt í greinargerðinni, að grunur leiki á, að stefnanda sé þar sjálfan um að saka, og áskilur sér rétt til að færa sönnur að þeim grun.

Stefndi hefur á engan hátt fært rök að því, að stefnandi hafi átt hlut að því, að sprengihylkið, sem slysinu olli, eða önnur sams konar voru til staðar á verkstæði stefnda. Veita gögn málsins engar upplýsingar um, hver flutt hefur þessa skaðlegu hluti inn á verkstæðið, en sýnt er, að þeir voru þar starfsmönnum verkstæðisins tiltækir. Í málinu hefur ekki tekizt að afla sams konar sprengihylkis og hér ræðir um. Voru þó rannsóknarlögreglunni þegar eftir slysið fengin til vörzlu þau hylki, sem á verkstæðinu fundust, en þeim hafði verið kastað á glæ, er til átti að taka. Aftur á móti lét rannsóknarlögregluþjónn sá, er slysið rannsakaði á sínum tíma, smíða eftirlíkingu slíks sprengihylkis, en nákvæma lýsingu á hylkinu var að finna í skýrslu hans frá rannsókninni. Hefur ekki verið dregið í efa, að eftirlíkingin sé hinum raunverulegu sprengihylkjum nákvæmlega hliðstæð í útliti. Þá hefur til samanburðar verið lögð fram í málinu höggpípa af venjulegri gerð.

Það er álit dómenda, að sá, er hefur í höndum umrædd sprengihylki, hafi ekki ástæðu til að ætla, að um sé að tefla skaðvæna hluti. Að vísu eru þau allfrábrugðin venjulegum höggpípum, en vel sýnist mega nota þau í þeirra stað, ef svo ber undir, þótt ending þeirra sé að vísu hverfandi lítil. Maður sá, er stefnandi hafði verið til aðstoðar, áður en slysið varð, Egill Jónsson bifvélavirki, hafði og tekið við einu hylki úr höndum stefnanda og notað í stað höggpípu án þess að hreyfa neinum athugasemdum. Með framangreind atriði í huga verður það ekki metið stefn-

anda til sakar, að hann handfjallaði sprengihylkið á þann hátt, sem lýst hefur verið. Máttu starfsmenn verkstæðisins og þá hann einnig, sbr. það, er áður sagði um réttarstöðu hans, treysta því, að svo stórháskalegir hlutir væru ekki starfsmönnum tiltækir innan um áhöld verkstæðisins. Hver að þessu stóð, er ekki vitað, en gera verður ráð fyrir, að það hafi verið einhver af þáverandi eða þá fyrrverandi starfsmönnum verkstæðisins. Á þessu gáleysi og afleiðingum þess, heilsutjóni stefnanda, verður stefndi, eigandi og umráðamaður verkstæðisins, að bera fébótaábyrgð gagnvart stefnanda. Rök eru engin til að takmarka þá ábyrgð.

Fjárhæð kröfu sinnar sundurliðar stefnandi þannig:

- |                                      |                |
|--------------------------------------|----------------|
| 1. Örorkutjón .....                  | kr. 168.968.00 |
| 2. Óþægindi, þjáningar og lýti ..... | — 50.000.00    |

---

Kr. 218.968.00

Þar frá dragast bætur frá Trygginga- stofnun ríkisins, dagpeningar og ör- orkubætur .....	— 27.518.08
---	-------------

---

Kr. 191.449.92

Um 1.

Stefnandi var fluttur í Landspítalann þegar eftir slysið, þar sem gert var að sárum hans. Mun hann hafa verið talinn fær til létrar vinnu í byrjun ágúst 1951. Hinn 19. desember 1957 var örorka stefnanda af völdum slyssins metin af Bergþóri Smára. Í örorkumatínu, sem dagsett er sama dag, segir á þessa leið:

Hægri hönd: Mestur hluti fremri kögguls á þumalfingri hefur verið numinn brott. Á vísifingri hefur verið numinn brott fremsti köggull og rúmlega  $\frac{2}{3}$  hlutar miðkögguls. Langatöng: Fremsti köggull hefur verið numinn brott. Örin eru vel gróin og hreyfingar í fingurliðum eftir atvikum eðlilegar.

Örorka slasaða af völdum nefnds slyss telst hæfilega metin, svo sem hér segir:

Frá slysdegi (17. apríl '51) til 30/6 '51	100%
Frá 1. júlí '51 — 31. júlí '51 .....	70%
Frá 1. ágúst '51 — 30. sept. '51 .....	40%
og varanleg örorka .....	26%

Stefnandi var 23 ára gamall, er hann varð fyrir umræddu slysi, fæddur 13. júlí 1927. Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum hans hafa atvinnutekjur hans á tímabilinu 1948—'58 verið, sem hér segir: Árið 1948 kr. 21.321.93, árið 1949 kr. 17.-

284.52, árið 1950 kr. 11.677.67, árið 1951 (árið, sem hann slasaðist) kr. 13.269.00, árið 1953 kr. 24.600.00, árið 1955 kr. 32.182.32, árið 1956 kr. 46.831.56, árið 1957 kr. 47.122.76 og árið 1958 kr. 51.668.76.

Hinn 17. janúar 1958 var áætlað atvinnutjón stefnanda á grundvelli framangreinds örorkumats reiknað út af Guðjóni Hansen cand. act. Byggir hann útreikninginn á atvinnutekjum stefnanda næstu þrjú árin fyrir slysið, sem hann umreiknar til kauplags á slysdegi og fram til þess dags, er útreikningurinn er gerður, í hlutfalli við breytingar á tímakaupi Dagsbrúnar, að viðbættu orlofsfé. Hann gerir ráð fyrir, að aukning orlofsfjár valdi hækkun árstekna í stað lengra sumarleyfis, þegar vinnutekjur eru svo lágar sem hér. Niðurstaða útreikningsins er sú, að verðmæti atvinnutjónsins nemi:

- |                                  |     |            |
|----------------------------------|-----|------------|
| a) vegna tímabundinnar örorku .. | kr. | 7.219.00   |
| b) vegna frambúðarörorku .....   | —   | 125.912.00 |

---

Kr. 133.151.00

Reiknað er með 6% ársvöxtum og langlífi karla á tímabilinu 1941—'50 samkvæmt héraðsreynslu.

Í lok útreikningsins getur tryggingafræðingurinn þess, að væri reiknað með Dagsbrúnarkaupi, 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikum á ári auk orlofsfjár, hefði niðurstaða útreikningsins orðið 26.9% hærrí en að framan greinir, eða kr. 168.968.00, sem er krafa stefnanda samkvæmt þessum lið.

Hinn 21. september 1960 endurskoðaði Guðjón Hansen framangreindan útreikning sinn með tilliti til breytinga, er orðið hafa á kauplagi, frá því útreikningur þessi var gerður. Breytingar þessar hafa nokkrar orðið á tímabilinu. Að sjálfsgöðu hafa þær engin áhrif á a-lið fyrri útreiknings, en b-liður hans hækkar í kr. 134.484.00. Hækkar samkvæmt því niðurstaða fyrri útreiknings í kr. 141.703.00. Miðað við almennan Dagsbrúnartaxta, svo sem gert var í niðurlagi fyrri útreiknings, myndi niðurstaðan nú hafa orðið kr. 179.826.00.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfufliðar sem allt of hárrí. Telur hann, að ekki komi til mála að miða áætlað atvinnutjón hans af völdum slyssins við hærrí laun en hann hafði síðustu árin fyrir slysið.

Eftir atvikum þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00. Hafa þá verið dregnar frá þær greiðslur, sem hann samkvæmt því, er áður var fram komið, hefur

fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, samtals kr. 27.518.08.

*Um 2.*

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðar sem allt of hárrí.

Þegar virt eru meiðsli stefnanda af völdum slyssins og afleiðingar þeirra, þykir hæfilegt að taka þenna kröfulið til greina með kr. 20.000.00.

Samkvæmt framanskráðu telst tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nema alls kr. 110.000.00. Þá fjárhæð verður stefndi dæmdur til að greiða honum ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 13.000.00. Er þar með talinn útlagður kostnaður stefnanda vegna málsins, sem óvefengdur er af stefnda, en hann nemur alls kr. 1.286.00 (fyrir örorkumat kr. 346.00, fyrir útreikning tjóns kr. 850.00 og fyrir endurrit skattframtala kr. 90.00).

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm. Með honum í dóminum sátu Sigurgestur Guðjónsson bifvélavirki og Þorsteinn Loftsson vélfræðiráðunautur.

Dómsorð:

Stefndi, Hrafn Jónsson, greiði stefnanda, Guðmundi Óskari Guðmundssyni, kr. 110.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. marz 1958 til greiðludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---